

Stjórnarfundur STEFs 12. nóvember 2020

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs föstudaginn 12. nóvember 2020 og hófst hann kl. 11:00. Um var að ræða fjarfund.

Fundarmenn voru: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius, Hallur Ingólfsson, Páll Ragnar Pálsson og Hildur Kristín Stefánsdóttir. Að auki sat Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjórinn fundinn.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar 23. september var samþykkt sem og útdráttur úr fundargerðinni.
2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram og rætt.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Umsögn STEFs til atvinnuveganefndar um breytingu á lögum um endurgreiðslur vegna hljóðritunar
- b) *Spanish Point Matching Engine STEF*
- c) Rafrænt fréttabréf STEFs – október 2020
- d) Endurnýjun samnings við RÚV

Undir þessum lið er nokkuð rætt um lagahöfundabúðir, en þrír höfundar sóttu nýverið búðir á vegum NordicLA í boði STEFs. Framkvæmdastjóri telur að samvinna höfunda þvert á landamæri sé e.t.v. auðveldasta leið höfunda til að afla sér tekna af stærra markaðssvæði. Vinnustofum STEFs með tónlistarráðgjöfum í ár var aflýst vegna COVID-19 og því er hægt að ráðstafa þeim fjármunum sem þar spöruðust í verkefni eins og að styrkja höfunda til að sækja lagahöfundabúðir. Hildur Kristín vakti athygli á því að hún sjálf eigi mikið að þakka samstarfi við höfunda í gegnum lagahöfundabúðir og bendir á að töluvert sé um slíkar búðir hér og þar, en að þær séu misdýrar. Vert væri að skoða aðra möguleika en NordicLA. Sigurður vakti máls á því að nú, þegar STEF stendur frammi fyrir töluverðu tekjutapi vegna áhrifa COVID-19, sé mikilvægt að draga úr kostnaði eins og kostur er og ráðstafa fjármunum á sem skynsamlegast. Í framhaldinu voru nefndir kostir til þátttöku, aðrir en að bjóða meðlimum að sækja lagahöfundabúðir á kostnað STEFs, svo sem að styrkja höfunda að hluta til slíks, en þannig verði tryggt að viðkomandi geri sér grein fyrir verðmæti tækifærisins og setji verkefnið í forgang.

3. Tilnefning í stjórn *Tónskáldasjóðs RÚV og STEFs*

Tónskáldafélag Íslands kom með tillögu að tilnefningu STEFs, en Félag tónskálda og textahöfunda óskaði eftir aðeins lengri tíma til að koma með tillögu. Var því ákveðið að fresta þessum lið og voru fundarmenn sammála því að afgangur hann á milli stjórnarfundum.

4. *Keychange Pledge* - Framhald frá síðasta fundum

Stjórn STEFs samþykkti á síðasta fundi að gerast aðili að „The Keychange Pledge“, sem er skuldbinding um að gæta að jafnrétti kynja í starfseminni. Hver og einn aðili sem gengst undir skuldbindinguna ákveður sjálfur hvað það er, sem hann er tilbúinn til að gangast undir. Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að slíkri skuldbindingu og var hún samþykkt. Er hún svohljóðandi:

STEF heitir því:

- ... að regluverk og gjörðir samtakanna endurspegli fjölbreytileika meðlima þeirra.*
- ... að gæta að jöfnu kynjavægi á tónleikum og viðburðum sem samtökin standa fyrir.*
- ... að gæta að kynjavægi fyrirlesara eða pallborðspáttakenda á ráðstefnum og fyrirlestrum sem samtökin standa fyrir ein og sér eða í samstarfi við aðra.*
- ... að tryggja konum og öðrum kyngervum í minnihluta aðgang að stuðnings- og styrkjakerfi samtakanna.*
- ... að gæta að jöfnu kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og sjóðstjórnnum samtakanna, að svo miklu leyti sem mögulegt er.*
- ... að hvetja meðlimi til að hafa kynjajafnræði hugfast við kosningar sem samtökin standa fyrir.*

5. Verðskrá fyrir streymi á tónleikum endurskoðuð

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Tillaga að breytingu á verðskrá
- b) Samanburður á tónleikaleyfum erlendra samtaka
- c) *Minor Sync Handover* frá NCB

Eftir nokkrar umræður um þessar breytingatillögur voru þær samþykktir og taka þegar gildi. Lagði stjórn mikla áherslu á að verðskráin væri tímabundin vegna COVID-19 og gildi til 15. mars 2021. Mun stjórn taka ákvörðun fyrir þann tíma hvort þau verð sem nú voru samþykkt muni gilda lengur eða breytast í þá átt sem almennt gildir um streymi á netinu.

6. Áhrif COVID-19 á íslenskt tónlistarlíf

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Umsögn samráðshóps tónlistariðnaðarins um frumvarp til laga um tekjufallsstyrki
- b) Minnisblað um tekjufall STEFs og SFH

7. Önnur mál

- a. Undirritun skjala fyrir Íslandsbanka

Ekki var hægt að ganga frá undirritun þar sem um fjarfund var að ræða. Þess í stað er óskað eftir því að hver og einn stjórnarmaður undirriti skjölin með rafrænni undirritun og mun Íslandsbanki senda skjölin á viðkomandi.

- b. Hallur óskaði eftir að ræða aðeins nánar mál sem var á dagskrá síðasta stjórnarfundar, þ.e.a.s. um flokkun og mat á útsetningum. Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að breyta reglum um flokkun tónverka á þann hátt að reglurnar tækju skýrlega einnig til útsetninga tónverka í samræmi við hvað tíðkast hefði í raun í framkvæmd.

Hallur, sem er annar núverandi matsmanna STEFs, sagði ljóst að nokkur hluti þeirra útsetninga sem komi til mats í hærri flokk (aðallega er um að ræða útsetningar á þjóðlögum) náði að mati matsmanna ekki einu sinni verk hæð og eigi því að hafna skráningu þeirra í gagnagrunn STEFs, enda sé það forsenda slíkrar skráningar að um sé að ræða útsetningu sem felur í sér sköpun og sjálfstætt höfundaverk, en ekki eingöngu handavinnu. Í ljósi þess hversu margar útsetningar þjóðlaga hafa í gegnum tíðina verið metnar í hærri flokk yrði með þessu um ákveðna stefnubreytingu að ræða. Fram kom það sjónarmið hjá stjórnarmönnum að með komu nýrra matsmanna sé ekkert því til fyrirstöðu að matið þróist og taki breytingum að þessu leyti. Ákveðið var að boða til sérstaks fundar með matsmönnum til að skoða málið ofan í kjölinn áður en lengra er haldið.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi slitið kl. 12:45.